

**Nd.**

**120. Frumvarp til laga**

[69. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, með áorðnum breytingum, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. jan.)

Samhljóða þskj. 104 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

2. gr. orðist svo:

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir: Almenna deild, áhafnadeild og verðjöfnunardeild.

3. gr. hljóðar svo:

Á eftir 20. gr. laganna komi nýr kafli svo hljóðandi:

**III. KAFLI**

**Verðjöfnunardeild.**

21. gr. — Við Aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, verðjöfnunardeild, sem greiðir verðuppbætur á afla einstakra fisktegunda samkvæmt ákvæðum þessa kafla í því skyni að draga úr sókn í einstaka fiskstofna og beina henni til annarra, sem fremur eru taldir þola veiðar.

22. gr. — Tekjur verðjöfnunardeildar skulu vera:

1. Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.
2. Vextir og aðrar tekjur af eignum verðjöfnunardeildar.

23. gr. — Verðlagsráð sjávarútvegsins eða yfirnefnd þess skal fyrir upphaf hvers verðlímabils gera tillögur um fjárhæð aflajöfnunarbóta á einstakar fisktegundir að fengnu álit Hafrannsóknastofnunar á ástandi nytjastofna og aflahorfum. Skal fjárhæðin ákveðin innan þeirra marka, sem eignir og tekjur verðjöfnunardeildar hrökkva til. Sjávarútvegsráðherra staðfestir ákvarðanir Verðlagsráðs sjávarútvegsins eða yfirnefndar þess um aflajöfnunarbætur. Aflajöfnunarbætur skv. lögum þessum skulu koma til skipta og aflaverðlauna eins og annað fiskverð.

24. gr. — Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa kafla og starfsemi verðjöfnunardeildar. Deildin hefur sjálfstæðan fjárhag.

7. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra til afla, sem landað er á árunum 1980 og 1981.